

Páll Óskar Hjálmtýsson

3. júní 2020

Viðtal tekið fyrir verkefnið Fjaðrafok

Spyrill: Felix Bergsson og Hrafnhildur Gunnarsdóttir

Upptaka: Friðrik Friðriksson

Digital 4K

© Krumma films ehf.

Felix: Já þá fæ ég að biðja þig um að byrja á að kynna þig og segja hvað þú gerir.

Páll Óskar Hjálmtýsson, tónlistarmaður og hommi!

Felix: Jahá! Svo að það sé alveg á hreinu.

Já.

Felix: Ef þú getur aðeins talað um Gleðigönguna frá upphafi, hvernig, að vera með í þessu og upplifa þessa stækkun á þessu svona smám saman. Hvernig var fyrst og svoléiðis.

Ég er svo lánsamur að hafa fengið að vera einn af þeim sem að fær að fylgjast með göngunni að verða til úr engu. Vera á bleyjunni, vita ekkert hvað þú ert að gera, þú veist, klambra þessu saman einhvern veginn á pönkinu sko. Fylgjast svo með þessu verða stærra og stærra og meira batterí og þeim mun stærra batterí þeim mun meiri ábyrgð. Fullt af mistökum sem maður þurfti að læra af. Maður þurfti líka að lenda í rigningardögum, þetta var ekki bara sólskin allan daginn. En bara bannað að gleyma því að maður má ekki vera hræddur við að gera mistök af því þau eru til þess að læra af þeim og þú getur styrkt næstu göngu með reynslu hinna síðustu sko. Og þannig ég hef verið svo innilega lánsamur að hafa fengið að fylgjast með þessu verða til í rauninni við bara eitthvað skrifborð í húsakynnum Samtakanna '78 og fara síðan hreinlega í miðtaugakerfið á þjóðinni.

Felix: Hvernig voru fyrstu göngurnar? Geturðu sagt aðeins frá fyrstu göngunum?

Sko eins og gefur að skilja, fyrstu göngurnar eru tilraunastarfsemi en útkoman, ávinningurinn þú veist, tilfinningaflæðið, effektinn af þeim, þeim mun meiri. Vegna þess að við byrjum þarna árið 2000 í rauninni í blindni að búa til einhverja skrudgöngu og það var fólk í kringum okkur sem hélt að ég væri með lausa skrudu, síðasta skrudan sem var kannski ágætlega föst var núna endanlega laus. Rosa svona ótti í loftinu, hvort við værum að fara að gera okkur að fíflum. Jafnvel hvort ákveðið fólk færi að ráðast á gönguna sjálfa. En sem betur fer þá hefur

slíkt aldrei gerst á þessum tuttugu árum. Það hefur aldrei verið ráðist á gönguna með einhverju offorsi, þú veist kannski í mesta lagi verið eitthvað tuð á samfélagsmiðlum eða einhverjir litlir gjörningar þú veist inni í miðri göngu sem að hafa síðan reynst vera algert flipp. Þannig að við erum í rauninni líka lánsöm sem tókum þátt í þessu hvað það varðar. Og, ef ég hef lært eitthvað af þessu og kannski ástæðan fyrir því að ég vil halda áfram þá er, ástæðan fyrir... Ástæðan fyrir því að ég er alveg til í að halda áfram og síðan nenni ég því aldrei og samt geri ég það, er að alltaf kemur tilbaka þessi gríðarlega nauðsyn þess að vera sýnileg og búa til skipulagðan sýnileika á hinsegin fólki bara einu sinni á ári. Bara til að sjá alla kökuna komna saman á einum og sama punktinum, ekki bara við sjálf heldur líka fólki sem þykir vænt um okkur, fólki sem er með okkur í liði, fjölskyldur okkar, vinir og öll heila halarófan. Það er eiginlega bara nákvæmlega þetta sem, og þessi sýnileiki sem er svo brjálæðislega mikilvægur fyrir þá sem að á eftir koma og mikilvægur fyrir þá sem að kannski sitja ennþá heima hjá sér að drepast úr efasemdum um sig sjálfa.

Felix: 2001, ertu að tala um skápana? Að ganga fyrir skápana?

Já og það geri ég enn. Ég hef, sko. Ég veit ekki hvað restin af fólkinu í göngunni er að gera í þessari göngu en ég veit að ég er fyrst og fremst alltaf að ganga fyrir skápana. Skápakeisin sem að eru nefnilega ennþá einhvers staðar þarna niðri í bæ og virkilega kveljast af efasemdum um sig sjálfa. Það er hræðilegur staður til að vera á. Það er skárri að vera skápakeis og vera ekki að efast um það. Vera bara skápakeis and proud, þú veist. Það er skárri og betra hlutskipti. En fyrir þá sem eru á virkilega vondum stað, þú veist, í einhverju myrkri eða eru kannski, tilheyra blóðfjölskyldum sem afneita þeim vegna annað hvort trúarskoðana eða sjórnmalaskoðana eða vegna einhvers sem liggur í loftinu, það er hræðilegur staður að vera á og þetta fólki þarf að vita af því að það á ákveðið bakland í fullt, fullt af fólki sem er þarna úti. Þetta er bara áminning um það, þú ert ekki einn í heiminum.

Felix: Böllin, segðu okkur aðeins frá hinum goðsagnakenndu dansleikjum sem að þú setur af stað.

Venjulega þegar böllin byrja á nóttunni, þá er ég venjulega búinn á því. Eftir að hafa verið í eina eða tvær vikur að reyna að klambra saman einhverjum truck og ná honum í sundur aftur. En, og þannig er ég vanalega baksviðs þegar við erum að telja í ballið. En svo þegar kjötskrokkarnir eru komnir á dansgólfið, þá fæ ég aftur svona afgangsortku. Afgangssvo ég geti klárað þetta og haldið áfram og böllin fyrir mér eru, bara...

Felix: (Hóstar).

Á ég að leyfa þér að taka Covid.

Felix: - bara eitthvað hár. Það er hárið.

Covid. Já, já. Á ég ekki bara að byrja aftur?

Felix: Jú. Ég er alveg að fara að hósta-

Heyrðu, hlauptu bara út. Drekkstu bara nógu mikið vatn.

—

Friðrik: Það rúllar.

Dansiball að kvöldi gleðigöngu byrjar venjulega alltaf eins. Ég er búinn á því. Ég er eins og undin tuska í einhverju diskóbúri, þú veist, og það er engin orka eftir þegar ballið byrjar af því ég er búinn að vera að spandera allri orkunni í verslunarmannahelgi sem að var helgin áður og síðan hver einasti sólarhringur fer í það að klambra saman einhverjum truck. Svo koma kjötskrokkarnir, þú veist inn á ballið og þá finnur maður fyrir því hvað ballið er mikil uppskeruhátíð, þá fæ ég orkuna til baka og næ að klára það. Svo sef ég bara í sjö daga.
(Hlær).

Felix: En fyrstu böllin? Hvernig voru fyrstu böllin? Hvenær gerðiru þér grein fyrir að þetta væri eitthvað alveg sérstakt?

Fyrstu böllin voru eins og fjölskylduhátíð. Við öll sem stóðum að göngunni komum saman til þess að gleðjast og fagna uppskerunni og árangrinum. Síðan seinna meir þegar þessi böll voru orðin stór og flott inni á NASA við Austurvöll þá tókum við eftir því að það vorum ekki bara við sjálf sem vildum mæta á þetta ball. Það var bara halarófa af straight fólki sem slóst um að ná í miða inn á þetta. Og þarna voru góð ráð dýr af því þarna fannst ákveðnu hinsegin fólki að sér vegið, „Bíddu er þetta ekki árshátíðin mín?“ Og þú veist, „Hvað er þetta lið að gera hér?“ Og gleymdi því að það var nýbúið að bjóða alla velkomna í gönguna. Þannig að það er ekki bara haldið og sleppt og besta leiðin út úr þessu lúxúsvandamáli var að selja miðana síðan bara hreinlega fyrirfram með svolítið löngum og góðum fyrirvara og selja hann bara meðal þeirra sem voru að undirbúa gönguna eða taka þátt í hátíðahöldunum. Þannig hélst svolítið kjarninn sem á svona veg og vanda að hátíðinni hann hélst inni á ballinu akkurat þetta kvöld sko. Restina af árinu er ég bara á fullu að skemmta straight fólki. (*Hlær*).

Felix: En þú áttir heiðurinn að Ég er eins og ég er á sínum tíma. Geturðu sagt þá sögu?

Ah, ég á ekki heiðurinn að því. Sko, er það ekki rétt, ég heyri Árna Glóbó syngja þetta á samtakaballi 1988, '89?

Felix: Við eigum eftir að fá þá sögu frá Veturliða sko.

Já, af því þar, ég man bara eftir... Á ég að segja alla þessa sögu eins og ég þekki hana?

Felix: Já bara absolut. Skemmtilegt af því þetta verður svona þjóðsöngur.

Jájá. Fyrst heyri ég Glóriu Gayner útgáfuna bara á Rás 2 1983. Rás 2 þá nýbyrjuð sko. Síðan þegar ég er kominn út úr skápnum þá heyri ég Árna Glóbó taka þetta lag með íslenskum texta, sem ég heyrði síðar að væri eftir Veturliða Guðnason, á samtakaballi í Risinu við Hverfisgötuna. Þá voru samtakaböll haldin á mjög exótískum stöðum og, þú veist,

bingósölum og einhverjum litlum risum sem voru leigð út annars fyrir fermingarveislur sko eitthvað svona. Þarna voru hommarnir og lesbíurnar að halda sín böll. Og það voru dragshow og ég heyri Árna Glóbó að flytja þennan íslenska texta og gott ef Ingi er ekki þarna með honum í því showi. Þannig þetta lag er á þessari gay senu, þú veist. Við drögum þetta með okkur ég og Marius inn á Moulin Rouge við Hlemm á þeim árum svo vill svo til að ég er í þessari nefnd með honum Veturliða Guðnasyni að skipuleggja fyrstu göngurnar og 2003 að þá kemur upp þessi hugmynd hjá nefndinni - Við verðum að taka þetta lag upp. Þannig ég hringdi í Mána Svavars og Hafstein Þórólfsson, lét hann syngja fyrstu útgáfuna af laginu og hann frumflutti þetta 2003. Svo bara erum við drottningarnar úti um allan bæ að syngja þetta þvers og kruss og ég tek upp mína útgáfu þá 2008. Núna líður ekki sá dagur eða að ég sé ekki að troða upp einhvers staðar nema ég sé hreinlega beðinn um að taka þetta lag eða að ég verði að gera þetta sem upplapp vegna þess að það er auðséð að ótalmargt fólk hefur tengt við þetta lag á sinn hátt, þú veist á sínum forsendum svolítið, þetta er svo opið og fallet sko og geggjuð þýðing hjá Veturliða, þetta er eiginlega bein þýðing á upprunalega textanum úr söngleiknum sem Jerry Herman samdi: *La Cage aux Folles*. Var seinna gert sem bandarísk bíómynd sem heitir *The Bird Cage*. Ég skil nú ekkert í því af hverju þetta lag var ekki í þeirri mynd en þetta er nefnilega, öðrum þræði, þá er þetta lag nefnilega svona mikill hittari af því þetta er lag um sjálfsvirðinguna. Hvar, þú veist það sleppur enginn, allir þurfa að skoða sína sjálfsvirðingu alveg sama hvaðan þau koma. Þú þarft að tjékka á því hvort þú sért að lifa lífinu sem þér ber að lifa, eða sem þú vilt lifa. Eða ertu að fá allt þitt líf að láni frá einhverjum öðrum? Ertu að fá allar þínar stjórnmalaskoðanir gagnrýnslaust að láni frá einhverjum öðrum? Eða, þú veist, geturðu staðið fyrir framan spegil og sungið þennan texta fyrir þig sjálfan, allsber og verið 1000% sáttur, ekki verða fyrir neinum áhrifum frá Instagram og öllu þessu? Þetta lag er um það og um leið og þú getur sungið þetta lag og þennan texta fyrir þig sjálfan upphátt og þú nærð að meina hvert einasta orð, þá er allt í lagi með sjálfsvirðinguna þína og þú ert búinn að ná þessu.

Felix: Nákvæmlega. Frábært, geggjað. Gaman líka að heyra hvernig Veturliði, ég hélt það hafði verið Öggi sem hafði gert það en Öggi gerði það með þér síðar. Var það Máni fyrst?

Máni Svavars fyrst. Síðan Öggi svo Stop and Go. Já.

Felix: Stop and Go þarna með stráknum þarna honum Aroni...

Já Aron Ísak. Já.

Felix: Heyrðu, eigum við að spyrja Palla út í pink washing? Hvað finnst þér um pink washing? Hvað finnst þér um...

Hvað er, hver er definition af pink washing?

Felix: Sko, það er þeir sem að í rauninni nýta sér viðburð eins og þarna Gleðigönguna til þess að ná sér í betra, betri prófil þó þeir eigi það kannski ekki alveg, eigi kannski ekki alveg inni.

Og gera síðan ekki rassgat það sem eftir er af árinu?

Felix: Já t.d.

Já. OK. Hvað þá með, sko... Á ég að byrja að blaðra?

Felix: Já það er bara spurning, kannski aðeins að tala um það að, inni í Gleðigönguna að það hafi komið stjórnmálaflokkar, skátarnir, kirkjan, siðmennt, sendiráð. Hvað finnst þér um þetta?

Mm. Sko.

Hrafnhildur: Pása aðeins.

—

Friðrik: Það rúllar.

Felix: Það eru þessir hópar sem að, það var spurning um hvað þér finnst um þessa hópa sem hafa komið inn í gegnum tíðina.

Sko við sem sátum í undirbúningsnefndinni þarna í árdaga vorum bara öll hjartanlega sammála um það að gangan sjálf yrði að vera án auglýsinga. Allra auglýsinga. Og þarna höfðum við öll svona sameiginlega reynslu af því að fylgjast með svipuðum gleðigöngum erlendis, í svona mörgum stórborgum erlendis. Það var alveg sama hvert meður fór, New York, LA, Berlín, Köln, Stuttgart, London. Stundum þá litu sumar göngurnar út eins og bara risastór Heineken auglýsing eða risastór Carlsberg auglýsing og í New York keyrir framhjá mér einhver risastór Diet Coke bíll og eitthvað fólk í Diet Coke bolum að kasta í okkur Diet Coke dósum. Mjög næs að fá það í 35 stiga hita en eftir stend ég á gangstéttinni og spyr „Hvað var þetta? Var þetta gay starfsfólk Diet Coke að kasta í mig dósum?“ Ég sá ekki alveg punktinn og það var svo brjálæðislega striking að sjá á eftir Diet Coke bílnum labbaði ein hvítklædd kona með eitt lítið skilti, hún var ein. Framan á skiltinu stóð: Ég er hvít, kristin kona og ég elska regnbogafjölskylduna mína. Svo snýr hún spjaldinu við: God made us all equal. Hún er ein að labba með þetta spjald og það voru hópar á öðru hverju götuhorni að öskra á hana, þú veist, fólk úr hennar eigin ranni. Og þetta var kona, þessa hvítklæddu konu, ég labbaði að henni og faðmaði hana og tók selfie. Ég tók ekki selfie með Diet Coke bílnum. Vegna þess að þarna kom svo berlega í ljós að ef gangan fyllist af auglýsingum þá missir hún allan pólitískan brodd og jafnvel bara hlutverk sitt, þú veist. Jafnvel bara, ástæðuna fyrir því að hún er gengin. Þannig að við þurfum að fara rosalega varlega í að hleypa auglýsingum inn í gönguna sjálfa, mér finnst að hún ætti að vera svona friðhelg fyrir auglýsingafargani. Auðvitað eru margir sem vilja stökkva upp á vagninn með manni þegar vagninn er orðinn success, þú veist. Þetta fólk mætti ekki að fyrri bragði á svæðið árið 2000 og 2001. Þannig að bara vegna þess þá set ég spurningamerki við að, og mér finnst líka bara svo fallett og sætt að gangan sé do-it-yourself. Þú veist að þetta sé grasrótarganga að þú bara klambrir saman atriðinu þínu heima hjá þér, í bílskúrnum heima hjá þér með bylgjupappa og notuðum spýtum. Og að hugmyndin bakvið atriðið skiptir meira máli heldur en framkvæmdin og svo

má ekki gleyma því að góðar hugmyndir þurfa ekki að vera eitthvað rándýrar. Ég hef þann háttinn á að ég safna alltaf yfir árið fyrir mínum truck og það dugir ekki einu sinni til, ég nota síðan alltaf ballið um nóttina til að borga upp truckinn. Ég enda alltaf á núlli eða 400.000, hálfa milljón í mínus. Og þegar upp er staðið þá skil ég ekkert í því af hverju ég nenni því, af hverju ég geri það en svo sé ég ljósmyndir af göngunni daginn eftir og þá man ég, já nú man ég, ég fatta, OK.

Felix: Frábært, erum við ekki bara komin með ansi mikið?

Hrafnhildur: Jú ég held það. Er eitthvað sem að þú..?

Felix: Nei... Já.

Halla: Dalvík. Hvernig var á Dalvík?

Felix: Byrja þær.

Eruði að fara að stríða mér með Dalvík? Af hverju spyriði ekki Friðrik Ómar? Af því ég vorkenni honum í alvöru.

Hrafnhildur: Já. Á gangan framtíð?

Ég segi já, gangan á sér framtíð. Hún kannski á eftir að minnka og stækka, þú veist, hún á kannski eftir að breyta um mynd í framtíðinni að einhverju leyti en nú fáum við að reyna það á eigin skinni svona í ljósi sögunnar að þegar minnihlutahópum eða þegar ákveðin öfl komast til valda sem hafa horn í síðu minnihlutahópa eða finna þeim allt til foráttu að þá verður að vera til einhvers konar skipulagður sýnileiki fyrir minnihlutahópinn og þeir sem tilheyra hópnum verða að fá staðfestingu á því að þau eigi sér bakland. Að það sé fjöldi. Þú ert ekki bara að fara að ráðast á einn mann eða einhvern einn lítinn afkima af einhverjum hóp. Gangan er bara til þess og á meðan þessi minnihlutahópur hefur næga sjálfsvirðingu og

stendur sterkur þá förum við í þessa göngu þótt hún sé búin til úr bylgjupappaspjöldum skilurðu, þá ferðu bara út á gangstétt í skipulagða sýnileikann.

Hrafnhildur: Hefur gangan breytt einhverju?

Sko, þessi ganga er skrautfjöður fyrir Reykjavíkurborg. Ógeðslega vellúkkandi út á við, ógeðslega PC og næs að vera með í henni. Allir vilja vera með, það er frábært. En hverju hún hefur breytt, sko ég get alveg trúað því að hún hefur veitt ákveðnu fólki innblástur sem þurfti á honum að halda. Núna er transfólk að koma út úr skápnum sem aldrei fyrr. Núna er þeirra tími og ég skal hundur heita ef öll þessi vinna bara í gegnum þessa hátíð hefur ekki haft eitthvað um það að segja. Þannig þetta er hátíð sem snertir fólk á persónulegum level. Mér finnst bara persónulegi þátturinn mun vegameiri heldur en hvort einhver stjórnmálaflokkur eða eitthvað stjórnmála labbi með í þessari göngu. Þetta er ekkert þeirra ganga. Þetta er um manneskjuna sjálfa og sjálfsvirðingu hennar. Þetta er ekki um eitthvað fótboltalið. Þetta er ekki um, þú veist, um eitthvað ákveðið hverfi í Reykjavík eða eitthvað. Þetta er um manneskjuna sjálfa og hvernig lífi þú vilt lifa, hvernig lífi þú vilt lifa. Ertu að lifa þessu lífi í sátt og samlyndi við annað fólk? Geturðu labbað með því úti á gangstétt? Hvaða mann vilt þú sýna, þú veist, hvaða mann viltu sýna út á við úti á gangstétt fyrir annað fólk? Allt þetta finnst mér vera mun veigameira heldur en nokkuð annað. Það er nákvæmlega þess vegna sem að ég held að þessi ganga eigi sér framtíð. Ég veit ekkert um það hvort hún eigi eftir að stækka eða minnka. Og hún á örugglega eftir að stækka og minnka eins og harmonika, skilurðu. En áfram með grasrótina. Mér finnst það lang, lang mikilvægasti þátturinn í göngunni.

Hrafnhildur: Bara núna þegar þú ert að tala þá man ég eftir, ég held það hafi verið 2008 korter í hrun.

Já.

Hrafnhildur: Var það ekki þegar að Ísland var í öðru sæti...

Öðru sæti, jú.

Hrafnhildur: Og við fórum niður í bæ að mynda og allt í einu voru þeir mættir á floater niður Skólavörðustíg, landsliðið.

Já.

Hrafnhildur: Þetta var eins og Gay Pride og ríkisstjórnin uppi á sviði, muniði eftir þessu?

Já og ég var að syngja.

Hrafnhildur: -hvert hringdu þeir? Þeir hringdu náttúrulega í Gay Pride til þess að redda vögnunum.

Já. (Hlær)

Felix: Palli mætti og söng...

Var það þannig já? Fengu þeir vagna frá...

Hrafnhildur: Já þeir hringdu í, hringdu þeir ekki í þig?

Felix: Nei...

Hrafnhildur: Þeir hringdu í einhvern í Gay Pride nefndinni.

Þeir hafa fengið lánaða dómgreind frá einhverjum.

*Páll Óskar Hjálmtýsson
3. júní 2020
Seltjarnarnesi*